



Vorönn 2019

## Kennsluáætlun í TÖLN1GR05

	<b>Hagnýt tölvunotkun</b>
<b>Viðfangsefni</b>	Grunnáfangi í tölvunotkun
<b>Skammstöfun</b>	TÖLN1GR05
<b>Lýsing</b>	Í þessum grunnáfanga í tölvunotkun er farið yfir atriði í Office 365 eins og Word, Excel og PowerPoint. Einnig verða kynnt ýmis forrit sem hjálpa til við nám í FSu eins og hljóð og myndvinnslu og myndbandsforrit. Rennt yfir Python forritunarmálið og skoðuð snjall-forrit sem geta gagnast nemendum.
<b>Forkröfur/Undanfari</b>	Engar.
<b>Þekkingarviðmið</b>	Nemandi skal hafa aflað sér þekkingar og skilnings á notkunarmöguleikum ýmissa forrita s.s. ritvinnslu, töflureiknis, kynningarforrits auk ýmissa annarra forrita sem tölvuský bjóða upp á.
<b>Leikniviðmið</b>	<b>Nemandi skal hafa öðlast leikni í að:</b> Nota Word til ritvinnslu Setja upp gögn á skýran hátt í Excel Búa til línurit og töflur í Excel Nota möguleika PowerPoint Vinna hljóð í Audacity Vinna með myndir í Paint net eða sambærilegum forritum Vinna með myndbandsskrár Nota ýmis forrit á netinu sem geta hjálpað við nám í FSu Læra sjálfur á ný forrit Vinna saman með aðstoð netsins
<b>Hæfniviðmið</b>	<b>Nemandi skal geta hagnýtt þá þekkingu og leikni sem hann hefur aflað sér til að:</b> Sýna sjálfstæði og frumkvæði í vinnubrögðum Bera ábyrgð á eigin námsframvindu
<b>Fyrirkomulag námsmats</b>	Fjölbreytt verkefni metin jafnt og þétt yfir önnina. Áhersla á umsagnir sem leiða nemandann áfram. Verkefni ýmist 1-2-3 eða 4 kennslutíma verkefni og þau gilda frá 2% upp í 8%. Skila þarf að lágmarki 80% verkefna og með meðaltalseinkunn allra verkefna, skilaðra og óskilaðra, 5 eða hærri til að klára áfangann.

**Kennari:** Helgi Hermannsson: tölvupóstur: hhm@fsu.is

**Kennslubækur:** Efni frá kennara á INNU

**Önnur námsgögn:** Aðgangur að tölvu með Windows stýrikerfi og forritum. Frí uppsetning á OFFICE 365 á meðan nemandi er skráður í FSu. .

**Áætlun um yfirferð og verkefnaskil:** Ítarleg vinnuáætlun er sett fram í kennslukerfinu INNU. Þar er að finna upplýsingar um lesefni, verkefni og skiladaga.